

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 98.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 21. júní 2021 kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson, Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar og Fannar J. Viggósson.

Dagskrá

1. Fundargerðir funda 95, 96 og 97
2. Ársreikningur 2020
3. Staðfestingarbréf stjórnenda
4. Boðun aðalfundar v/2020
5. Staðfestar samþykktir Norðurá bs.
6. Staða starfsleyfisumsóknar
7. Staða og horfur í daglegum rekstri
8. Samningur við Flokkun Eyjafjörður
9. Samningur við Norðurþing
10. Bréf frá Umhverfisstofnun
11. Útstreymisbókhald 2020
12. Drög að samningi við Vegagerðina

1. Fundargerðir funda 95, 96 og 97

Fundargerðir frá stjórnarfundum nr. 95, 96 og 97 samþykktar formlega og undirritaðar en áður höfðu þær verið samþykktar í tölvu eftir fundina.

2. Ársreikningur 2020

Lögð fram drög að ársreikningi Norðurá bs. vegna rekstrarársins 2020. Magnús gerði grein fyrir helstu niðurstöðum. Í heildina gengur rekstur félagsins vel og er í samræmi við áætlanir. Stjórn samþykkti ársreikninginn samhljóða, undirritaði hann og vísar honum til aðalfundar félagsins.

3. Staðfestingarbréf stjórnenda

Magnús lagði fram til kynningar staðfestingarbréf skrifað af KPMG um rekstur og bókhald Norðurá bs. Magnús hefur þegar undirritað bréfið.



4. Boðun aðalfundar v/2020

Ákveðið að boða til aðalfundar félagsins í Miðgarði 19. ágúst 2021 kl: 15:00.

5. Staðfestar samþykktir Norðurár bs.

Samgöngu og Sveitarstjórnar ráðuneytið hefur með bréfi dagsett 10. júní 2021, staðfest nýjar samþykktir Norðurá bs. sem voru samþykktar á auka aðalfundi 11. nóvember 2020. Lagt fram til kynningar og hefur einnig verið sent sveitarfélögunum sem aðild eiga að Norðurá bs.

6. Staða starfsleyfisumsóknar

Starfsleyfisumsókn þar sem sótt er um heimild til að auka árlegt magn urðunar úr 21.000 tonnum í 30.000 tonn hefur nú verið afgreidd af Skipulagsstofnun eftir umhverfismat og skipulagsleg formsatriði. Starfsleyfisumsókn er nú komin til Umhverfisstofnunnar sem veitir /endurnýjar starfsleyfið. Gert er ráð fyrir að endurnýjað starfsleyfi liggi fyrir í árslok 2021.

7. Staða og horfur í rekstri

Fannar fór yfir stöðuna á daglegum rekstri félagsins. Almennt gengur daglegur rekstur félagsins vel og er samkvæmt áætlun. Sé horft á sorpmagnið sem er að berast og það borið saman við magn sama tímabils árið 2020 er augljós samdráttur í magninu eða samtals tæp 3.000 tonn í heildina. Mest munar um minna magn frá fyrirtækjum en skráður úrgangur frá heimilum vex aðeins á sama tíma. Ekki er ljóst hvort hér sé um varanlegan samdrátt að ræða eða hvort hann sé afleiðing af ástandinu sem hefur ríkt í þjóðfélaginu vegna Covid. Mikilvægt er að flutningsaðilar skili nákvæmum upplýsingum um uppruna þess sorps sem þeir koma með til urðunnar.

Söfnun á metangasi hefur gengið vel það sem af er ári en tekist hefur að lagfæra þau vandamál sem uppi voru vegna meðal annars frosta. Samtals er búið að brenna 771 Nm³ af gasi frá því brennsla hófst árið 2017.

8. Samningur við Flokkun Eyjafjörður

Lagður fram og undirritaður endurnýjaður samningur við Flokkun Eyjafjörður.

9. Samningur við Norðurþing

Lagður fram og undirritaður endurnýjaður samningur við Norðurþing.

10. Bréf frá Umhverfisstofnun

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 3. júní 2021 þar sem stofnunin telur að ekki hafi komið fram upplýsingar sem gefi tilefni til að breyta fyrri áformum um innheimtu viðbótarkostnaðar vegna eftirlits á árinu 2020. UST hafði með bréfi dags. 9. apríl tilkynnt um innheimtu aukakostnaðar umfram reglubundin eftirlitsgjöld sem stjórn mótmælti með

tölvupósti 15. apríl. Stjórn Norðurá dregur í efa réttmæti þessarar viðbótar innheimtu og telur að ekki komi fram í bréfi UST, réttmætar forsendur fyrir innheimtunni. Samþykkt að fá lögfræðilegt mat á heimild Umhverfisstofnunnar til innheimtunnar. Magnúsi falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður og bókun stjórnar.

11. Útstreymisbókhald 2020

Lagt fram til kynningar útstreymisbókhald vegna ársins 2020. Jafnframt lagt fram græna bókhaldið til formlegrar staðfestingar en það var samþykkt og undirritað af stjórn 30. apríl 2021.

12. Drög að samningi við Vegagerðina

Drög að samningi milli Vegagerðar Ríkisins og Norðurá um nýtingu á efni sem Norðurá hefur yfir að ráða. Stjórn sammála um að bæta þurfi inn ákvæðum um umgengni og frágang á efnistökuástandi en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaða nýtingu efnisins.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:45

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson